

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1985. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 773, 5. desember 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 9. júlí 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 37,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

- | | |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ —1“ | kr. 393,00 |
| b) fyrir mæla til $1\frac{1}{4}$ —2“ | kr. 786,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 230,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimædagjald	
Allt að 500 m ³	kr. 29 900,00	+ 60,00 kr/m ³ þar yfir
500—2000 m ³	kr. 60 100,00	fyrir 500m ³ + 40,20 kr/m ³ þar yfir
2 000—6000 m ³	kr. 121 000,00	fyrir 2000m ³ + 30,20 kr/m ³ þar yfir
Meira en 6000m ³	kr. 240 000,00	fyrir 6000m ³ + 23,90 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta kr. 5 200,00

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni 405,00

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 22. júlí 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 488, 19. desember 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júlí 1985

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhreppi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu koma á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heitavatsins eru sem hér segir:

- | | | |
|--|-----|--------|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | kr. | 83,30 |
| b. Vatnsgjald á mánuði | kr. | 665,00 |
- fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.